

66

24. gr.

1. apríl

Sömu ákvæði og heimildir, sem getur í 9. og 15. gr., gilda um sundnám nemenda í framhaldsskólum og sérskólum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt III. kafla iðrottalaga, nr. 25 12. febr. 1940, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Kennslumálaráðuneytið, 1. apríl 1943.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

67

5. apríl

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. apríl 1943.**
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður, og er stofnaður af stúkunni Framtíðin nr. 173 á 25 ára afmælisdegi stúkunnar 11. febrúar 1943.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 króna afmælisgjöf frá þeim stofnfélögum stúkunnar, sem enn eru á lífi og eru starfandi í stúkunni, svo og frá nokkrum öðrum stúkufélögum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rekstur barnaheimila, sérstaklega og fyrst og fremst þess heimilis eða þeirra, sem rekin eru á vegum góðtemplarareglunnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, minningargjafir, áheit og aðrar gjafir, ágóði af sölu heillaóskaskeyta eða merkja, ef til kemur, svo og ágóði af sölu barnafrimerkja, ef ríkisvaldið samþykkir að slík frimerki verði gefin út og seld með gjaldviðbót, sem rynni til barnaheimilissjóðs.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að almenningi sé gert kunnugt um starf hans og tilgang, og að greiður aðgangur verði fyrir almenning til að láta sjóðinn njóta stuðnings.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins leggst í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og hálfir vextir leggjast ætíð við höfuðstólinn, en hinn helmingur vaxtanna greiðist stjórnarnefnd sjóðsins árlega á vaxtagjalddaga.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1 og stúkan Framtíðin nr. 173 kjósa sinn manninn hvor. Þeir skulu kosnir í febrúarmánuði og gildir sú kosning í 5 ár, í fyrsta sinn til 11. febrúar 1948. Þriðja manninn kys

bæjarstjórn Reykjavíkur í hvert skipti er bæjarstjórnarkosningar hafa fram farið, **67**
og fer kjörtími hans eftir því. Formaður stjórnarinnar er sá, sem stúkan Fram- **5. apríl**
liðin kys.

Kjósa skal stjórnarnefndarmenn þegar skipulagsskráin hefur öðlzt staðfestingu ríkisvaldsins.

7. gr.

Stjórnin annast allar fjárreiður sjóðsins og er að öllu leyti framkvæmdarstjórn hans. Þar á meðal annast hún að öllu framkvæmdir þær og ráðstafanir, sem ákvæði 4. gr. gera ráð fyrir.

Stjórnin heldur bók yfir allar gerðir sínar á fundum, bókfærir þar ársreikning og annað það, sem máli skiptir. Bók skal og halda yfir gjafafé, og setur stjórnin reglur um það.

Reikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Í árslok skal stjórnin semja reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu starfsári, og afhenda þann tekjuafgang, sem verða kann fram yfir vexti þá, sem leggjast eiga í aðaldeild Söfnunarsjóðsins og með þeim frádrætti er um getur í 9. gr., til framkvæmdarnefndar þess barnaheimilis, sem er starfandi í núverandi umdæmi Umdæmisstúkunnar nr. 1 á vegum góðtemplarareglunnar eða fyrir atbeina hennar.

9. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs, sbr. 8. gr., skal leggja 10 af hundraði í varasjóð. Hann skal ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands og leggjast vextir við höfuðstól. Fyrir en 11. febrúar 1968 má ekki taka til varasjóðs nema brýn nauðsyn beri til. Þá skal stjórn sjóðsins ákveða hvort varasjóði skuli á sama hátt safnað að nýju.

10. gr.

Nú verður ekki eitthvert ár þörf fyrir styrk til barnaheimilis, að dómi stjórnarnefndar, sbr. 8. gr., og skal þá gert annað tveggja, að geyma upphæðina til útlutunar síðar, eða að leggja hana í varasjóð.

11. gr.

Ársreikning sjóðsins skal birta á ársþingi Umdæmisstúkunnar nr. 1. Senda skal borgarstjóranum í Reykjavík eintak af reikningnum.

12. gr.

Fari svo að þær deildir góðtemplarareglunnar, sem mann eiga í stjórn sjóðsins, sbr. 6. gr., falli niður eða verði ekki starfandi, kys æðsta stjórn góðtemplara-reglunnar á Íslandi mann eða menn í staðinn.

13. gr.

Nú verður ekki lengur þörf á að styrkja barnaheimili, að dómi stjórnarnefndar, eða ef barnaheimili verða fjárhagslega tryggð um rekstur vegna þátttöku ríkisins í reksturskostnaði, þá falla vextirnir í aðaldeild Söfnunarsjóðsins til stúkunnar Framliðin, ef sú stúka verður til og starfandi, en annars til Umdæmisstúkunnar nr. 1.

Á sama hátt fellur það fé, sem til kann að vera í útborgunardeild Söfnunarsjóðsins til Umdæmisstúkunnar nr. 1, ef starfsemi sjóðsins stöðvast vegna þeirra atvika, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

67 Um fé það, sem umdæmisstúkan þannig kann að fá til ráðstöfunar gilda sömu 5. apríl reglur og settar eru í skipulagsskrá fyrir Sumarheimili Templara frá 9. júlí 1942 (Stj.tíð. 1942, B. bls. 257—259).

14. gr.

Ef nauðsyn ber til vegna breyttra ástæðna má breyta skipulagsskrá þessari, ef stjórnarnefndin er sammála um það og stórtemplar samþykkir.

15. gr.

Að fengnu samþykki stórtemplars skal leita staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi stúkunnar Framtíðin nr. 173 1. marz 1943.

Sigurbjörn Á. Gíslason.
Æt.

Steindór Björnsson.
R.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 22. marz 1943.

Kristinn Stefánsson,
stórtemplar.

68

1. marz

SAMÞYKKT

um bann við dragnótaveiðum innan Flateyrar og Hjarðardalshafna í Önundarfirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þessi löggilt hafnarsvæði skulu með öllu vera friðuð fyrir dragnótaveiðum:

1. Flateyrahöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólsnesi á Hvilftarströnd yfir fjörðinn í Ófærुकlett innanverðan og línu frá Flateyrvita hornrétt á fyrrnefnda línu.

2. Hjarðardalshöfn, sem takmarkast af línu, er hugsast dregin úr Grundarendabót í stefnu á Hvilftarbæ á austurströnd fjarðarins fram á Heströnd, er hún kemur fram undan Tannanes-rönd, og þaðan eftir línu, er hugsast dregin í stefnu á brú á Breiðadalsá neðanverðri, þar til sú lína sker línu hugsaða úr Hjarðardalsbæ innri í Kaldá á austurströnd fjarðarins.

Um viðurlög við brotum gegn samþykkt þessari fer eftir lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Samþykkt þessi er gerð af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 26 12. febrúar 1940, um breytingu á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, og birtist hún hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 1. marz 1943.

Torfi Hjartarson.